

Nd.

184. Nefndarólit

um frv. til laga um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Í 33. grein laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, er svo ákveðið, að uppbót sú, sem þar um ræðir, skuli gilda til ársloka 1925. Mun það hafa vakað fyrir þinginu þá, að eftir þessi ár mundi sú reynsla fengin, er sýndi, hvort heppilegt væri að halda áfram að greiða uppbótina eftir sömu reglum og áður eða setja nýja reglu, ef þá ekki væri fært að fella hana niður með öllu. Þar sem nú Alþingi 1925 verður að taka afstöðu til málsins, hefir stjórnin lagt þetta frv. fyrir þingið. Kemst stjórnin að þeirri niðurstöðu, að hvorki sje fært að fella dýrtíðaruppbótina niður nje heldur sje ráðlegt að breyta grundvelli hennar, t. d. með því að taka upp þann mælikvarða, að miða við gengi íslenskrar krónu móti gulli. Þá felur frv. í sjer tvær breytingar frá því, sem áður var. Önnur er sú, að afnema hámark það, sem laun og dýrtíðaruppbót mega nema samanlagt, og hin er sú, að þeim skuli einnig greidd dýrtíðaruppbót, sem ekki eru nefndir í launalögum nje öðrum lögum, sem ákveði dýrtíðaruppbót, og munu ekki aðrir falla undir það en ráðherrar.

Nefndin hefir rætt frv. þetta á nokkrum fundum og aflað sjer ýmissa upplýsinga, en hefir ekki getað fylgst að um tillögur sínar. Meiri hlutinn telur frv. stjórnarinnar ganga í rjetta átt í öllu því, sem hjer að framan er nefnt. Þótt ýmsir annmarkar sjeu á dýrtíðaruppbótinui eins og henni er nú hagað, þá muu þó tæplega að svo vöxnu máli hægt að finna annan grundvöll að öllu samanlögðu heppilegri eða sanngjarnari. Hámarksákvæðið virðist og vera næsta ósanngjarnt, því að það kemur einmitt niður á þeim, sem mest missa í við það, að uppbótin er ekki reiknuð af hærri upphæð en 3000 kr. (eða $\frac{2}{3}$ uppbótar af 4500 kr.). Og um ráðherralaunin er það að segja, að þau eru í raun rjettri alveg óviðunandi og sist of há, þótt bætt væru upp á sama hátt og önnur embættislaun. Aukinn kostnaður af þessari breytingu allri verður,

ef reiknað er með verðstuðli 90% eða dýrtiðaruppbót 60%, eins og gert er í fjárlagafrv. 1926, hjer um bil 11000 kr.

En meiri hlutanum þykir það á bresta, að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinni umbót á kjörum þeirra, sem lægst hafa launin. Kvartanir yfir kjörum þessara starfsmanna hafa hvað eftir annað borist undanfarandi þingum, og hefir þingið tekið þær til greina að því er snertir talsímameyjar, þannig, að þeim hefir verið ákveðin í fjárlögum nokkur upphæð (nú í fjárlagafrumvarpi 1926 kr. 10500) til launauppbótar. En annars hefir öllum slíkum kröfum um launabætur verið á bug visað með þeirri röksemd, að þingið 1925 mundi endurskoða þessa löggjöf alla um dýrtiðaruppbótina, og yrðu þær þá athugaðar. Nú virðist því ekki mögulegt að skjóta sjer lengur undan þessum kröfum. Að ákveða einhverja upphæð í þessu skyni í fjárlögum og fela stjórninni að úthluta því, virðist ekki gerlegt, heldur verður Alþingi að setja fastar reglur um það, hvernig greiða skuli þessa aukauppbót. Er það gert í viðbótar-tillögu meiri hlutans hjer á eftir.

Regla sú, sem þar er ákveðin, er einföld og auðveld í framkvæmd. Rjettast þótti að ákveða hana þannig, að hún hækkaði og lækkaði með sjálfri dýrtiðaruppbótinni. Hámark hennar er því miðað við $\frac{2}{3}$ dýrtiðaruppbótarinnar, og er þar átt við dýrtiðaruppbótina eins og hún er í raun og veru greidd, þ. e. $\frac{2}{3}$ verðstuðulsins. Hæst er þessi aukauppbót af lægstu launum, kr. 1000 og þar undir, en til þess að hún minki jafnt og þjett, eftir því sem launin hækka, en laun og uppbót samanlagt hækki samt sem áður með hækkingu launum, er svo ákveðið, að hún skuli reiknast með jafnt lækkandi hundradsgjaldi, en af sömu upphæð, kr. 1000. Ef byrjað er við 1000 kr. laun og endað við 3000 kr. laun (2900 kr.) og stigmunur gerður við hvern 100 króna mun í stofnlaunum, þá lækkar hundradsgjaldið um $\frac{1}{20}$ í hvert sinn og er komið í 0% við 3000 kr. Dæmi: Ef dýrtiðaruppbótin ($\frac{2}{3}$ verðstuðuls) er 60%, greiðist aukauppbót af 1000 króna launum og þar undir 40% af 1000 krónum, eða kr. 400; af 1100 króna launum 38% af 1000 kr., eða kr. 380; af 2000 króna launum 20% af 1000 krónum, eða kr. 200; af 2500 króna launum 10% af 1000 krónum, eða kr. 100 o. s. frv.

Þeir starfsmenn, sem þessarar aukauppbótar njóta, eru talsvert hátt á 2. hundradi, en af því að hún verður svo lág strax og launin hækka, nemur hún þó ekki nema um kr. 40000.00. Aukakostnaður allur af frumvarpinu með viðauka meiri hlutans verður því:

Hækkun samkvæmt stjórnarfrumvarpinu h. u. b.	kr. 11000.00
Aukauppbótin h. u. b.	— 40000.00
Samtals	kr. 51000.00

Þar frá dregst fjárlagaupphæð sú, sem nú er ætluð handa tal-

simameyjum í fjárlagafrumvarpinu 1926	— 10500.00
Er þá kostnaðaraukinn alls h. u. b.	kr. 40500.00

Þar af er kostnaður af aukauppbótinni kr. 29500.00.

Að meiri hlutinn hefir ekki lagt til, að barnakennarar fengju þessa sömu aukauppbót, stafar ekki af því, að honum þyki laun þeirra svo há, heldur af því, að þessi aukauppbót er skoðuð að eins sem úrlausn fyrir þá,

sem allra verst eru settir; en barnakennarar eru, með sömu launum, nokkrn betur staddir en aðrir starfsmenn, vegna þess að þeir eru lausir við starf sitt alllangan part af árinu, og uppbótin er ekki hærri en svo, að nálega hversu ljeleg sumarátvinna sem er, mundi gefa þeim eins mikið í aðra hönd. Væru barnakennarar teknir með, mundi sá auki nema um 26^{1/2} þús. kr.

Einn nefndarmanna, Magnús Jónsson, lætur þess getið, að hann telur rangt að svifta sveitapresta ^{1/3} dýrtíðaruppbótar og mun bera fram breyting-artillögu um það.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi:

VIÐAUKA.

Á eftir 2. gr. frumvarpsins kemur ný grein, sem verður 3. grein og orðast svo:

Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Allir þeir, sem launabóta njóta samkvæmt lögum þessum og hafa lægri fóst árslaun en 3000 kr., að meðtöldum aukablunnindum, svo sem ókeypis húsnæði, fá sjerstaka aukauppbót, er miða skal við hina almennu launabót og reiknast í hundraðshlutum af 1000 krónum. Aukauppbót þeirra, er hafa 1000 kr. eða minna, nemur ^{2/3} hlutum hinnar almennu launabótar af 1000 krónum, en lækkar um ^{1/20} við 100 króna hækkun stofnlaunanna, þar til hún þrýtur. Aukauppbótar þessarar njóta ekki barnakennarar eða neinir aðrir en þeir, sem nefndir eru í lögum þessum. Aukauppbótin greiðist jafnframt laununum.

Alþingi, 12. mars 1925.

Magnús Jónsson,
frsm. meiri hl.

Jakob Möller.

Björn Lindal.

Jón A. Jónsson,
með fyrirvara.